

Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn 20. mars 2019 að Lynghálsi 2 kl. 18

Mættir Ísak Guðjónsson, Þórður Ingvason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson

Gestir Kolbrún Vignisdóttir BÍKR, Arnar Árnason AIFS, Ragnar B Gröndal AIFS, Magnús Ragnarsson AIFS, Þórður Andri McKinstry

Reglur:

Keppnisráðið kynnti fyrir fundarmönnum breytingar á Rallýreglum sem stjórn AKÍS hefur samþykkt og komnar eru á vef sambandsins, <http://www.akis.is/wp-content/uploads/2019/03/Rall%C3%BDreglur-2019.pdf>. Kom fram að megin tilgangur breytinganna væri að auka öryggi og stuðla að bættri ímynd og aga í íþróttinni. Var vel tekið í gerðar breytingar.

Jafnframt voru fundarmenn hvattir til að koma tímanlega fram með hugmyndir að frekari þróun og breytingum á reglum þar sem leggja þarf slíkt fyrir á vettvangi AKÍS fyrir byrjun nóvember ár hvet til að öðlast gildi fyrir næsta keppnistímabil þar á eftir.

Athygli fundarmanna var vakin á að AKÍS sé búið að setja sér talsvert af reglugerðum og viðmiðum, s.s. um meistarakeppnir, dómnefndir og keppnisráð. Það er vel og má sjá þetta efni inná vef sambandsins, <http://www.akis.is/log-og-reglur/>.

Ýmislegt annað bar á góma, s.s;

- Farið yfir skipan í Rallíráðið sem telur nú fjóra.
- Framtíð RR og skipulag.
- Keppnisgjöld – x2 f/pá sem skaffa ekki starfsfólk.
- Fundur með keppendum í vor, m.a. kynna reglubreytingar.
- Buggy í rallý – verðum að leyfa umræðu að eiga sér stað og proskast.

Fundi slitið kl. 20.05

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson